

200

30. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík
nr. 200 24. des. 1957.

1. gr.

1. gr. 1. mgr. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.8% af fasteignamatsverði hússins, þó aldrei lægra en 200.00 kr.

2. gr.

2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Aukavatnsskatt samkv. 1. málsg. skal innheimta samkvæmt mæli með 1 krónu verði fyrir hvern teningsmetra.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

201

30. des.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Selfoss.

1. gr.

Vatnsveita Selfosshrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan takmarka Selfosshrepps og jarðarinnar Laugadæla með hjáleigum í Hraungerðishreppi. Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, hefur hreppsnefnd Selfosshrepps með höndum.

2. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Vatnsveitan leggur til leiðslur frá götuæð að húsvegg, og sér um tengingu þeirra. Húseigendur sjá að öðru leyti um lagningu heimæða á sinn kostnað.

3. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Selfoss, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.